



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík, 25. maí 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál.**

Vísað er til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál. Á fyrri löggjafarþingum hefur lækkun kosningaaldurs ítrekað verið til umfjöllunar og með hliðsjón af því vísar umboðsmaður barna til fyrri umsagnar embættisins um lækkun kosningaaldurs frá árunum 2019 og 2021. Fylgir efni þeirra hér að neðan.

Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækkun kosningaaldurs eins og lýðræðislegt samráð og möguleika á áhrifum á fyrri stigum ákvarðanatöku hjá ríki og sveitarfélögum. Í samtölum embættis umboðsmanns barna við ungmenni hefur komið fram skýrt ákall um að efla þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnsmál í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum.

Einn af grunnþáttum aðalnámsskrár grunnskóla er lýðræði og kemur þar fram að skólar eigi að rækta þá þekkingu sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Ýmsar aðrar leiðir eru jafnframt til þess færar að virkja börn til þátttöku í sínu nærsamfélagi og þá ekki aðeins þau sem eru 16 ára eða eldri heldur einnig yngri börn. Má þar einkum nefna starf ungmennaráða hjá sveitarfélögum með þátttöku fjölbreytilegs hóps ungs fólk. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi beitt sér fyrir lögfestingu ungmennaráða sveitarfélaga sem umboðsmaður telur mikilvæga leið fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í lýðræðislegu samtali í nærumhverfi sínu.

Með vísan til framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja Alþingi til að móta skýra sýn og stefnu um eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna